



Boðsbréf - bikarmót 2 í formum

Mótshaldari Taekwondosamband Íslands (TKÍ)

Mótsstjórn Taekwondosamband Íslands (TKÍ)

Formaður TKÍ
Sylvía Speight
tki@tki.is

Yfirdómari Haukur Fannar Möller

Dagsetning Laugardagur 7. febrúar 2026

Staðsetning Ljónagryfjan - Íþróttahúsið við Njarðvíkurskóla, Norðurstígur 4, 260 Reykjanesbær

Skráningarfrestur Föstudagur 30. janúar kl. 21:00

Breytingarfrestur Sunnudagur 1. febrúar kl. 21:00

Félög skrá sína keppendur sjálf og greiða keppnisgjöld fyrir þá alla í einu lagi.

Skráning fer fram á síðunni <https://www.tpss2021.eu>

Röng skráning getur valdið því að keppandi verði ekki gjaldgengur til keppni.

Ekki verður tekið við skráningum eftir lok skráningarfrests.

Afskráningar keppenda eftir breytingarfrest skal tilkynna með þeim hætti að fulltrúi frá viðkomandi félagi sendir tölvupóst á taki.taeknideild@gmail.com

Birting flokkaskiptinga Kl. 8:00 mánudaginn 2. febrúar

Keppnisgjöld per skráningu **Minior** 3500 bara poomsae/5000 bæði poomsae og sparring
Cadet og eldri 4500 bara poomsae/6000 bæði poomsae og sparring

Frestur til að greiða keppnisgjöld 21:00 fimmtudaginn 12. febrúar 2026

Keppnisgjöld skulu greidd inn á reikning:
515 - 26 - 50010
kennitala: 500103-2050

Félög greiða keppnisgjöld fyrir sína keppendur í einu lagi.

Birting dreginna forma Kl. 8:00 mánudaginn 2. febrúar

Upphaf keppni 10:00

Lágmarks beltakröfur 10. geup

Gjaldgengi Keppendur skulu vera skráðir í viðkomandi félag þegar skráningarfresti á mót lýkur.

Félag keppenda skal vera skuldaust við TKÍ

Félag keppenda skal ekki vera í banni frá keppni skv. ákvörðun TKÍ eða ÍSÍ

Að öðru leyti skal vísað til reglna ÍSÍ um gjaldgengi keppenda á mótum á vegum ÍSÍ og sérsambanda innan þess.

Reglugerð TKÍ varðandi félagaskipti og keppnisleyfi:
<http://tki.is/wp-content/uploads/2011/09/reglugerdTKI.pdf>

Móta- og keppendareglur ÍSÍ
http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/mota_og_keppendareglur.pdf

Ábyrgð Allir keppendur á mótum á vegum TKÍ eru þar á eigin ábyrgð. Hvorki TKÍ, mótsstjórn eða umsjónaraðilar móts bera ábyrgð á mögulegum meiðslum sem keppendur kunna að verða fyrir.

Takmarkanir á skráningu Í para- og hópa formum verða A að uppfylla skilyrði um kynjasamsetningar para og hópa. Ekki eru settar kvaðir á kynjaskiptingu í hópa og para keppni í B og C flokkum. Þör og lið sem skráð eru til keppni skulu vera skipuð iðkendum frá sama félagi.

Ef keppandi forfallast eftir breytingarfrest og er skráður í para- eða hópa keppni þá má skipta honum út fyrir varamann.

Varamaður þarf að vera skráður keppandi á mótinu, og vera gjaldgengur í þann aldurs- og beltaflokk sem forfallaði keppandinn var skráður í.
Breyting af þessu tagi skal tilkynnt til tæknideildar eigi seinna en 48 klst. eftir breytingarfrest, og er eingöngu leyfileg í C flokkum.

Keppnisreglur

Miðað verður við keppnisreglur WT frá 2024.
[https://www.worldtaekwondo.org/att_file/documents/Poomsae%20Competition%20Rules%20and%20Interpretation%20\(In%20force%20as%20of%20September%2030%202024\).pdf](https://www.worldtaekwondo.org/att_file/documents/Poomsae%20Competition%20Rules%20and%20Interpretation%20(In%20force%20as%20of%20September%2030%202024).pdf)
Tekið skal fram að ekki er heimilt að klæðast eða keppa í fatnaði merktum landi eða landsliði.

Flokkaskipting

C flokkur	10. - 5. geup	Lægra en rautt belti	Keppendur geta keppt upp fyrir sig í
B flokkur	4. til 1. geup	Öll rauð belti	beltaflokki. Til dæmis getur C keppandi
A flokkur	1. dan og hærra	Svart belti og hærra	keppt í B og A flokki. Form fara þá
			eftir hærri flokknum.

Minior keppni, 11 ára og yngri

Hver keppandi í C flokki gerir eitt form. Í A og B flokkum gera keppendur 2 dregin form. Hægt er að keppa í einstaklingskeppni og parakeppni.
Keppendur í C flokki skulu skráð í flokk eftir því hvað form þau hyggjast gera. Flokkar eru þá samsettir af iðkendum sem munu gera sama formið.
Hver flokkur verður með 3-4 iðkendum og er skipt í þá flokka með tilliti til valin forms, aldurs og beltagráðu eins og kostur er. Flokkaskipting fer fram eftir að breytingafresti lýkur.

Í minior keppni fara tveir keppendur (eða tvö pör) inn á völlinn í einu og gera sitt form. Dómarar tilkynna sigurvegara strax að loknu formi með fánauppréttingu.
Hver keppandi keppir við tvo andstæðinga.
Allir keppendur í minior keppni fá verðlaun.

Flokkar / aldur / kyn

Einstaklings

Flokkur	Minior	Cadet	Junior	Undir 30
Aldur	11 ára og yngri	12-14	15-17	18-30
	karl	karl	karl	karl
Einstaklings	kona	kona	kona	kona
Flokkur	Undir 40	Undir 50	Yfir 50	
Aldur	31-40	41-50	51 og eldri	
	karl	karl	karl	
Einstaklings	kona	kona	kona	

Para og hópa

Flokkur	Minior	Cadet	Junior
Aldur	11 ára og yngri	12-14	15-17
Para	Karlar/konur	Karlar/konur	Karlar/konur
		Karlar/konur	Karlar/konur
Hópa	keppt í hópa í M (nema í A flokki)	(nema í A flokki)	(nema í A flokki)
Flokkur	Undir 30	Yfir 30	
Aldur	18-30	31 árs og eldri	
Para	Karlar/konur	Karlar/konur	
	Karlar/konur	Karlar/konur	
Hópa	(nema í A flokki)	(nema í A flokki)	

Miðað er við hvaða aldri keppendur ná á keppnisári.
Dæmi: aðili sem verður 18 ára á keppnisári skal skráður í undir 30 flokk.

Í A flokki skulu pör vera karl og kona og hópar skulu vera þrír karlar eða þrjár konur, sbr. reglur WT.

Keppendur geta keppt upp fyrir sig í aldursflokki.
Styrkleiki hvers aldursflokks ræðst af meðfylgjandi töflu.
Til dæmis getur Junior keppt í Undir 30 en ekki öfugt.
Form fara þá eftir hærri flokknum.

Styrkleiki aldursflokka	
Einstaklings	Para og hópa
Undir 30	Undir 30
Junior	Junior
Undir 40	Yfir 30
Cadet	Cadet
Undir 50	
Yfir 50	

Ef par eða hópur er með blönduðum aldurs- og beltaflokkum færast keppendur í sterkari flokk. Fyrst er horft til beltaflokks og síðan til aldursflokks.
Dæmi: hópur samanstendur af keppendum í þremur mismunandi flokkum; Cadet B, Yfir 30 B, og Junior C.
Fyrst er horft á sterkustu beltaflokkana innan hópsins, sem myndu vera Cadet B og Yfir 30 B.
Síðan er horft á sterkasta aldursflokkinn milli þessara tveggja B flokka, sem myndi vera Yfir 30 B.
Hópurinn keppir því í Yfir 30 B.

Reglur um sameiningar

Eftir skráningarfrest verða gefin út drög að flokkaskiptingum. Félögin skoða svo þessar flokkaskiptingar og geta breytt skráningum keppenda sinna með því að senda póst á tki.taeknideld@gmail.com

Þar til breytingarfresti lýkur mega félög færa keppendur upp um aldurs- eða beltaflokk að vild.
Ef einhver keppandi er stakur í flokki einstaklingskeppni eftir breytingafrest verður hann sameinaður við samliggjandi kynjaflokk. Sama gildir um hópakeppni A flokka.

Að öðru leyti eru engar sameiningar. Keppni fer fram í öllum flokkum þar sem er a.m.k. einn keppandi skráður.

Skipting forma í poomsae

1	Taegeuk il Jang	9	Koryo
2	Taegeuk E Jang	10	Keumgang
3	Taegeuk Sam Jang	11	Taebak
4	Taegeuk Sa Jang	12	Pyongwon
5	Taegeuk O Jang	13	Sipjin
6	Taegeuk Juk Jang	14	Jitae
7	Taegeuk Chil Jang	15	Chonkwon
8	Taegeuk Pal Jang	16	Hansoo

A flokkur		
	Flokkur	Poomsae
Einstaklings	Minior	3-4-5-6-7-8
	Cadet	4-5-6-7-8-9-10-11
	Junior	4-5-6-7-8-9-10-11-12
	Undir 30	7-8-9-10-11-12-13-14
	Undir 40	
	Undir 50	8-9-10-11-12-13-14-15
	Yfir 50	9-10-11-12-13-14-15-16
	Flokkur	Poomsae
Para	Minior	3-4-5-6-7-8
	Cadet	4-5-6-7-8-9-10-11
	Junior	4-5-6-7-8-9-10-11-12
	Undir 30	7-8-9-10-11-12-13-14
	yfir 30	8-9-10-11-12-13-14-15
	Flokkur	Poomsae
Hópa	Cadet	4-5-6-7-8-9-10-11
	Junior	4-5-6-7-8-9-10-11-12
	Undir 30	7-8-9-10-11-12-13-14
	yfir 30	

B flokkur		
	Flokkur	Poomsae
Einstaklings	Minior	1-2-3-4-5-6
	Cadet	3-4-5-6-7-8
	Junior	3-4-5-6-7-8
	Undir 30	4-5-6-7-8-9
	Undir 40	
	Undir 50	
	Yfir 50	
	Flokkur	Poomsae
Para	Minior	1-2-3-4-5-6
	Cadet	3-4-5-6-7-8
	Junior	3-4-5-6-7-8
	Undir 30	4-5-6-7-8-9
	yfir 30	
	Flokkur	Poomsae
Hópa	Cadet	3-4-5-6-7-8
	Junior	3-4-5-6-7-8
	Undir 30	4-5-6-7-8-9
	yfir 30	

C flokkur		
10. geup	1-2-3	Ath að ekki er leyfilegt að gera hluta úr formi. Keppendur velja þau form sem þeir sýna m.t.t. beltagráðu.
9. geup	1-2-3-4	
8. geup	1-2-3-4-5	
7. geup	2-3-4-5-6	
6. geup	3-4-5-6-7	Í tilfelli pars og hóps ræður hæsta beltíð innan parsins/hópsins um hvaða form er hægt að velja.
5. geup	4-5-6-7-8	

Keppendur í C flokki sýna eitt form
Keppendur í A og B flokkum sýna tvö form í fyrstu umferð og önnur tvö ef keppt er í undanúrslitum og úrslitum (8 efstu)

Dregið verður um hvaða tvö form A og B flokkar sýna á móti skv. töflum að ofan.

Freestyle

Flokkur	Undir 17	Yfir 17
Aldur	12-17	18 og eldri
Einstaklings	karlar	karlar
	konur	konur
Flokkur	Undir 17	Yfir 17
Aldur	12-17	18 og eldri
Para	Karl og kona	Karl og kona
Hópa	3 kvk & 2 kk eða 2 kvk & 3 kk	

Keppni í freestyle poomsae telur til stiga í stigakeppni félaga.
Einungis keppendur í A og B flokkum á eru gjaldgengir til keppni í freestyle poomsae.

Verðlaun	7 stig fást fyrir	gullverðlaun	4 stig fást fyrir gullverðlaun þar sem aðeins er einn keppandi
	3 stig fást fyrir		
	1 stig fæst fyrir		
		silfurverðlaun	
		bronsverðlaun	

Aðeins þátttakendur í A og B flokki telja til stigakeppni félaga.

Karl og kona mótsins Hæsta einkunn í undir 30 A og Junior A. Þó einungis ef 4 keppendur eru að lágmarki samanlagt í flokkunum. Ef færri en 4 eru þá skal bæta við U40 A.